




Hjálparsveitin .. **DALBJÖRG**

Útg. og ábm.: Hjálparsveitin Dalbjörg – 1. tbl. 10. árg. Desember 2010



Gleðilegt ár!



**FLUGELDAMARKAÐUR
DALBJARGAR HRAFNAGILSSKÓLA**

Leiðari



Pétur R. Tryggvason,
formaður Dalbjörgar

Óhætt er að segja að það sé margt sem félagar Dalbjörgar hafa unnið að þetta ár sem nú er að líða undir lok. Fyrir utan þau föstu verkefni sem eru lunginn úr starfinu ásamt útköllum og aðstoðarbeiðnum, þá hefur staðið yfir stórt verkefni undanfarið. Toyota Land-Cruiser með kallmerkið Dalbjörg 1, sem við höfum átt í 14 ár, var tekinn í yfirhalingu og er hann orðinn

mjög öflugur. Þeir Hlynur á Akri og Ingi í Ártúni báru þungann af þeirri vinnu auk þess sem Hlynur lagði til verkstæðið sitt fyrir breytingarnar. Margir aðrir félagar komu einnig að þessu verkefni og eru miklar vonir bundnar við „nýja“ gamla bílinn okkar.

Húsnæðismál Dalbjörgar eru einnig komin á dagskrá. Það er löngu orðið tímabært þar sem húsnæði sveitarinnar að Steinhólum er löngu sprungið utan af starfseminni. Tækjageymslan rúmar ekki öll tækin okkar, ekki er möguleiki á aðstöðu fyrir búnaðargeymslu og fundarsalurinn rúmar stundum ekki allan mannskapinn þegar fundir eða fyrirlestrar eru haldnir. Í dag getum við með góðu móti geymt um helming af búnaði og tækjum í húsinu. Annað er geymt hjá velunnurum sveitarinnar eða úti við. Staðsetning húsnæðisins er líka óheppileg þar sem búseta félaga hefur breyst talsvert frá stofnun hennar. Flestir félaganna búa nú utanvert í sveitinni eða á Akureyri og því er mjög langt að

fara fyrir flesta til að sækja fundi og vinnukvöld. Þetta bitnar á starfinu og umhirðu tækja. Það er því orðið mjög aðkallandi fyrir okkur að komast í húsnæði sem rúmar alla okkar starfsemi og vonir standa til um að komast í nýtt húsnæði á Hrafnagili innan þriggja ára. Nú er hafin vinna við gerð styrktarsamnings milli Hjálparsveitarinnar Dalbjörgar og Eyjafjarðarsveitar, en fjölmargar sveitir víðsvegar um landið hafa gert slíka samninga við sín sveitarfélög. Í viðræðunum er forgangsríði að finna lausn á húsnæðismálum sveitarinnar.

Síðustu árin hefur mikil samvinna verið með Hjálparsveitinni Dalbjörg og Björgunarsveitinni Tý, sem starfar á Svalbarðseyri. Teknar voru upp viðræður um að sameina sveitirnar og nú er verið að athuga þau mál hjá báðum sveitum. Ef verður af byggingu húsnæðis á Hrafnagili fyrir Dalbjörg eins og vonir standa til, er enn meiri ástæða til að skoða málin frekar og kominn sterkur grundvöllur fyrir sameiningu sveitanna.

Að lokum vil ég nota tækifærið og þakka félögum mínum í Dalbjörg fyrir gríðarlega fórnfýsi og óeigingjarnt starf og óska ykkur gleðilegs árs. Að hafa mannskap sem leggur alla þessa vinnu í það að koma upp búnaði og viðhalda honum, auk þess að mennta sig og vera til staðar fyrir samfélagið sitt þegar eitthvað bjátar á er ómetanlegt.

Sveitungum okkar óska ég gleðilegs árs og þakka fyrir það gamla.

Pétur R. Tryggvason
formaður Dalbjörgar.

*Bestu óskir um
gleðileg jól
og farsælt nýtt ár*

TODAY TOMORROW **TOYOTA**

Toyota Akureyri | Njarðarnes 1 | 603 Akureyri | Sími 460 4350
Baldursnes 1 | 603 Akureyri | Sími 460 4300



- ◆ Malbikun
- ◆ Kranabílar
- ◆ Vinnulyftur
- ◆ Vegheflar
- ◆ Gröfur
- ◆ Snjómokstur o.fl.



Sími

892 8330

866 7955 - Fax 462 4460

Óseyri 8 - 600 Akureyri - malbikun@simnet.is

Fljótandi malbik

Gussasphalt

Frábær lausn fyrir
mjaltabása,
mjólkurhús
og margt fleira



Starfsfólk
Arion banka
*óskar þér og þínum
gleðilegs nýs árs*

Við þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða

 Arion banki



Séð út Þorvaldsdal til Hrísreyjar

Hjólaflokkur Dalbjargar

Á síðustu árum hafa minni torfærutæki verið að hasla sér völl í björgunargeiranum. Margar björgunarsveitir hafa fengið sér sexhjól eða fjórhjól og eru þau góð viðbót í flóru björgunartækja sem sveitir hafa yfir að ráða. Slík tæki hafa sína kosti og geta reynst mjög vel fyrir ákveðin svæði við leit og bjargir.

Torfæruhjól og klifurhjól eru tæki sem geta nýst mjög vel við leit í misjöfnu landslagi. Þar sem torfæruhjól og þá sérstaklega klifurhjól eru gerð til að fara um mjög gróft landslag, þá á vanur hjólamaður auðvelt með að fara flestar þær leiðir sem að menn fara gangandi eða ríðandi á hesti. Þessi eiginleiki gefur hjólunum þann kost umfram önnur tæki að geta komið björgunarmanni hratt og auðveldlega að viðfangsefnum utan alfaraleiða.

Þar sem björgunarmaður á hjóli getur lítið haft með sér er hann hugsaður til leitar og fyrsta viðbragðs. Útbúnaður sem hann hefur með sér fyrir utan persónulegan búnað er:

- VHF talstöð tengd upp í hjálm
- GPS tæki
- SAM spelka og skyndihjálparbúnaður
- Endurskinsvesti merkt björgunarsveit.



Tveir félagar í leit að kindum í haust

Í Dalbjörg eru nokkrir björgunarsveitarmenn sem eiga hjól, bæði torfæruhjól og fjórhjól, og hafa þeir mikla reynslu af þeim auk þess að hafa aflað sér talsverðrar staðkunnáttu á svæðinu á ferðum sínum. Þeir hafa undanfarin ár farið í nokkur útköll, bæði í leit og sem fyrsta viðbragð í slysum. Hjálparsevitin hefur nú ákveðið að stofna hjólaflokk innan sveitarinnar og kynna þennan möguleika fyrir öðrum björgunaraðilum.

Pétur R. Tryggvason



*Bestu óskir um gleðileg jó!
og farsælt nýtt ár!*

NORÐLENSKA



Unglingadeildin Bangsar

Nú í vetur var ákveðið að breyta fyrirkomulagi ungl-ingadeildarinnar Bangsa. Með nýju fyrirkomulagi og áherslum á að kynna starf björgunarsveitar á mark-vissan hátt og kynda undir áhuga hjá krökkunum á ferðamennsku, útiveru og björgunarsveitarstörfum.

Stefnan er að auka samstarf við Hrafnagilsskóla í þess-um málum og er ætlunin að hefja starfið strax eftir áramót. Breytingarnar fela í sér að nú verða einungis krakkar úr 10. bekk sem eiga kost á því að starfa í ungl-ingadeildinni og gera það á síðustu önninni í skólanum. Markmiðið er að kynna þeim hvernig við störfum, fara í kassaklífur, göngu-ferðir, klífurvegginn, halda skyndihjálparnámskeið, GPS og rötunarnámskeið, óvissunótt og fleira sem okkur dettur í hug. Hugmyndin er að hittast 2-3 í mánuði og nauðsynlegt er að mæta á alla viðburðina, nema lögmæt forföll séu ósök fjarverunnar. Veturinn eftir útskrift úr 10. bekk mega

krakkarnir síðan byrja að mæta á almenna fundi, viðburði og námskeið hjá hjálparveitinni sem nýliðar.

Tilgangurinn með þessari breytingu er að gera starf ungl-ingadeildarinnar markvissara og að krakkarnir sjái að þau eigi sér markmið, þ.e. með því að vinna vel þennan vetur í ungl-ingadeildinni geta þau tekið fullan þátt í störf-um hjálparveitarinnar veturinn á eftir.

Starfið verður kynnt betur þegar þar að kemur og von-umst við til að sjá sem flesta!

*Bestu óskir um
gleðileg jól
og farsælt nýtt ár*



NORÐURORKA
RANGÁRVÖLLUM · PÓSTHÓLF 90 · 602 AKUREYRI



*Bestu óskir um
gleðileg jól
og farsælt nýtt ár*



HÚSASMÍÐJAN

Skútuvogi 16 • Sími 525 3000

Motul og Halvarssons

Gott saman til fjalla

*Dalbjörg notar Halvarssons,
vandaða sænska útivistar-
fatnaðinn.*



Halvarssons

*Motul oliurnar er gæðavara sem hægt er að treysta á.
Motul er meðal þeirra allra fremstu í heiminum
í framleiðslu á keppisolíum sem hefur skilað þeim árangri
sem raun ber vitni í hefðbundnum olíum, s.s. á
dráttarvélar, vörubíla, vinnuvélar, utanborðsmótora,
vélsleða og allar hefðbundnar bílvélar.*

Motul - á vélina þína

*Motul vélsleðaolían
inniheldur Ester
meiri smureiginleikar
betri í miklum kulda*



Gæði
Gott verð

*Skoðið heimasíðu okkar www.k2m.is
og heimasíðu Halvarssons www.jofama.se*



MOTUL

K2M

www.k2m.is - sími 464-7960



Útköll og aðstoð

Frá útgáfu síðasta Dalbjargarblaðs hefur Hjálparveitin Dalbjörg fengið alls 17 útköll og aðstoðarbeiðni. Beiðnirnar hafa verið með ýmsu móti eins og sjá má hér að neðan, allt frá leit að fé og til aðstoðar vegna óveðurs. Sumar beiðni enda með því að málin leysast áður en allar boðaðar sveitir komast á staðinn og það er mjög gott. En þótt slíkt komi fyrir og viðbúnaður virðist oft og tíðum mikill þegar útköll eru annars vegar, er mikilvægt að hafa í huga að viðbragðið getur skipt sköpum. Þess vegna er mikilvægt fyrir okkur að bregðast við öllum aðstoðarbeiðnum eins vel og við getum; við vitum nefnilega ekki hvernig þær enda.

26. desember 2009

Seinnipartinn þennan dag fóru fjórir félagar á Dalbjörg 2 í eftirlitsferð um Eyjafjarðarsveit vegna mikilla snjóa og slæms veðurfars undanfarna daga. Ekið var um alla helstu vegi í Eyjafjarðarsveit og nokkrum vegfarendum sem höfðu fest bíla sína eða ekið út af var komið til hjálpar.

27. desember 2009

Þennan dag fóru tveir félagar Dalbjargar á Dalbjörg 2 til aðstoðar sledamönnum sem höfðu lent í vandræðum á Eyjafjarðaránni við Torfur. Þar höfðu þeir misst niður þrjá sleða í krupa á ánni. Til að ná sledunum upp þurfti að notast við spil, planka og langa tóg. Að lokum komust bæði menn og sleðar heilir upp á bakkann og voru sendir í þurrkun.

25. janúar

Um kl. 17:00 þennan mánudag fóru 8 manns frá Dalbjörg að Ytri-Tjörnum þar sem þakgluggi á fjósinu hafði fokið upp. Rústabjörgunarkerran, bönd og verkfæri voru með í för, glugginn var festur niður og tryggt að hann fyki ekki upp aftur.

14. febrúar

Þennan dag voru allir sleða- og snjóbilaflokkar björgunar-sveitanna á höfuðborgarsvæðinu og frá sveitum á Suður-

Sendum landsmönnum öllum
okkar bestu óskir um
gleðileg jól
og farsæld á komandi ári



www.landsvirkjun.is


Landsvirkjun



landi kallaðir út vegna konu og unglings sem urðu viðskila við vélsleðahóp á Langjökli. Sleðaflokkar á svæði 11 voru settir í viðbragðsstöðu kl. 21:00 og kl. 23:00 var ákveðið að sleðasveitir Dalbjargar, Súlna, Dalvíkur og Tinds á Ólafsfirði legðu af stað í Hveravelli og myndu síðan hefja leit í birtingu. Þegar sveitirnar voru á leið suður Kjöl um kl. 01:30 var útkallið afboðað, fólkið var fundið heilt á húfi.

1. mars

Sleðadeildin var nýkomin í Bangsabúð eftir æfingaferð þegar aðstoðarbeiðni kom frá mönnum sem staddir voru í Vatnahjalla inn á Eyjafjarðardal. Mennirnir voru á leið upp Vatnahjallann á þungt hlöðnum vélsleðum og áttu í vandræðum þar sem færið var slæmt. Tómas og Viðar fóru á björgunarsleðunum til aðstoðar mönnum og tók um fjórar klukkustundir að aðstoða þá upp Vatnahjallann og Hafrárdalinn. Mennirnir héldu síðan áfram för sinni í Laugarfell.

18. mars

Miðvikudagskvöldið 17. mars fékk Hjálparveitin Dalbjörg beiðni um að sækja mann upp í Laugarfell. Hann var í gönguhóp sem átti leið um svæðið, en hafði orðið fyrir því óhappi að detta og fara úr axlarlið við fallið. Tekin var ákvörðun um að sækja hann morguninn eftir, því hann dvaldi við góðar aðstæður í Laugarfelli. Fjórir félagar fóru á báðum bílum sveitarinnar til að sækja manninn um morguninn og ferðin gekk vel.

2. apríl

Hjálparveitin Dalbjörg, Björgunarsveitin á Dalvík og Súlur, björgunarsveitin á Akureyri voru kallaðar út til leitar að konu sem saknað var á Akureyri. Um 60 manns tóku þátt í aðgerðinni, fjöldi tækja og leitarhundur frá Ólafsfirði. Konan fannst um kl. 05:00.

12. júní

Þennan dag barst aðstoðarbeiðni frá tveimur hjólamönnum sem staddir voru ofan Eyjafjarðardals. Þeir höfðu fest sig í aurbleytum, en vegurinn niður í Eyjafjarðardal var lokaður. Ákveðið var að Björgunarsveitin Þingey færi til aðstoðar, þar sem þeim var hægt um vik að komast til hjólamannanna um Bárðardalinn.



24. júní

Upp úr kl. 07:00 fékk Hjálparveitin Dalbjörg beiðni um að fara til aðstoðar við sjö ungmenni sem höfðu farið á

einum fólksbíl upp í Laugafell kvöldið áður. Þegar þau voru á leiðinni heim aftur sprungu tvö dekk á bílnum og gat kom á bensíntankinn þannig að lengra fór bíllinn ekki. Ingvar fór á Dalbjörg 2 og sótti ungmennin, en þá voru þau komin fótgangandi vel niður á Eyjafjarðardal og orðin köld og hrakin. Allt fór þó vel að lokum og allir komust til síns heima.

24. júlí

Ökumaður, sem var staddur við Laugarfell með bilaðan bíl, óskaði eftir aðstoð hjálparveitarinnar. Félagar fóru honum til aðstoðar með varahluti og hjálpuðu honum að koma bílnum af stað.

9. ágúst

Lögreglan á Akureyri boðaði björgunarsveitir á svæði 11 til leitar um kl. 15:00 þennan dag vegna konu sem saknað var við Hrafnagil. Konan hafði farið í göngutúr snemma um morguninn og ekkert hafði til hennar spurst eftir það. Hjálparveitin Dalbjörg og Súlur, björgunarsveitin á Akureyri, hófu leit á líklegum svæðum næst Hrafnagili. Klukkan 16:30 fundu björgunarsveitarmenn á mótörhjóllum konuna í fjalllendi ofan Hrafnagils. Konan fann til slappleika og svima og hafði sofnað. Henni var fylgt niður þar sem björgunarsveitarmenn og fjölskylda hlúðu að henni.



14. ágúst

Neyðarlínan boðaði út björgunarsveitir á svæði 11 vegna flugvélar sem var að koma inn til lendarar með bilaðan hreyfil. Vélin lenti heilu og höldnu áður en björgunarsveitir komust á staðinn og var aðstoðin þá afturkolluð.

8. september

Tækjaflokkur Dalbjargar var boðaður út kl 21:30 vegna veikinda manns sem var staddur í Þorgeirsfirði. Sjúkra-bífreið með þremur sjúkraflutningamönnum fór á leiðis á staðinn ásamt björgunarsveitinni Ægi á Grenivík, en þar sem slysið var utan alfaraleiðar voru fleiri björgunarsveitir boðaðar út til aðstoðar. Frá Dalbjörg fóru sjö manns á tveimur jeppum til aðstoðar. Þýrla Landhelgisgæslunnar sótti síðan manninn og lenti með hann á Akureyri rétt fyrir miðnætti.





Bíll dreginn upp úr Nýjadalsá í sumar

12. september

Um kl. 16:00 þennan dag fóru félagar Dalbjargar til aðstoðar gangnamanni sem hafði slasast í göngum í Hóla-fjalli ofan Hólakots. Gangnamaðurinn, stúlka á táningsaldri, hafði dottið og slasast á fótlegg og því orðið viðskila við aðra gangnamenn. Björgunarmenn fundu stúlkuna fljótlega, bjuggu um hana og fluttu til móts við sjúkrabil sem flutti hana til Akureyrar.

12. september

Um kl. 21:00 barst Dalbjörg beiðni um aðstoð við leit að gangnamanni sem týnst hafði á fjallendinu milli Skagastrandar og Skagafjarðar. Tveir 6 manna gönguhópar voru mannaðir, auk þess sem tveir menn á klifurhjólum, bíl-

stjóri og svæðisstjórnarmaður voru klárir að fara vestur á miðnætti til að leysa af mannskap sem var við leit. Gangnamaðurinn kom fram heill á húfi um kl. 22:00 á bæ í sveitinni. Hann var ómeiddur en nokkuð hrakinn og kaldur eftir langa göngu í slæmu veðri.

16. nóvember

Vegfarandi sem hafði fest bíl sinn á leið um fjörðinn óskaði eftir aðstoð hjálparsvéitarinnar. Félagar fóru á Dalbjörg 2 og drógu bílinn upp.

8. desember

Þennan dag fóru nokkrir félagar Dalbjargar til aðstoðar bændum við að ná kindum sem voru enn inni á Sólva- og Þormódsstaðadal eftir göngur í haust. Farið var á tveimur jeppum og bændur ferjaðir inn á dalina. Einnig fór sleða-deildin á þremur sledum til leitar. Átta kindur fundust og voru ferjaðar til byggða í jeppunum.



Kristján og Pétur handsama kindur í desember

*Bestu óskir um gleðileg jól
og farsælt nýtt ár*



Njarðarnes 9 - 603 Akureyri
Sími 412-0400 - Fax 412-0401

*Bestu óskir um gleðileg jól
og farsælt mitt ár*



VÉLSMÍÐJAN ÁSVERK

FINNUR EHF
VERKTAKAR - VÉLALÉIGA





Slysavarnir

Hjálparveitin Dalbjörg sinnir slysavörnum af jafn miklu kappi og öðrum þáttum hjálparstarfsins og er óhætt að segja að þetta sé sá þáttur okkar starfs sem flestir félagar koma að á einhvern hátt.

Reykskynjarayfirferðin

Reykskynjarayfirferðin okkar er orðin árlegur viðburður, en hún hófst árið 1986 þannig að í ár var 24. ferðin farin. Með þessu árlega átaki tekur Dalbjörg þátt í því með sveitarfélaginu að styrkja brunavarnir í sveitinni, en ávallt er farið á alla bæi sveitarinnar, rafhlöður fyrir reykskynjara seldar og ráðleggingar um brunavarnir gefnar. Nauðsynlegt er að skipta út rafhlöðum í reykskynjurum heimilisins einu sinni á ári og góð regla er að gera það fyrir jólin. Notkun kerta og annarra ljósa eykst mikið yfir hátíðirnar og þá er gott að hafa allar brunavarnir í góðu lagi. Á nokkurra ára fresti bjóðum við sveitungum upp á að taka slökkvitækin þeirra og fara með þau í yfirferð, en það er nauðsynlegt á þriggja ára fresti svo þau virki örugglega er á reynir. Í ár var einmitt boðið upp á þessa þjónustu.

Þetta átak okkar hefur þróast með árunum og nú eru haldnir fundir í hvert sinn áður en því er hrint af stað til að viðhalda þekkingu félaga á brunavörnum sem í boði eru, en við höfum verið með reykskynjara, eldvarnateppi o.fl. til sölu í þessum ferðum okkar. Einnig hefur verið í boði að panta af okkur sjúkrakassa og slökkvitæki.

Endurskinsmerki

Síðustu ár hefur Hjálparveitin Dalbjörg gefið nemendum Hrafnagilsskóla og leikskólans Krummakots endurskinsmerki frá Slysavarnafélaginu Landsbjörg. Þau hafa vakið mikla lukku, enda eru þau til í fjölmörgum litum og gerðum svo allir geta fundið merki við sitt hæfi.

Hálendisgæsla björgunarsveitanna

Frá árinu 2006 hefur Slysavarnafélagið Landsbjörg sent björgunarsveitir upp á hálendið til gæslu á vissum ferðamannasvæðum og hafa félagar Dalbjargar tekið þátt frá upphafi. Verkefnið hefur undið upp á sig frá byrjun og þarfnast nú mikillar skipulagningar, námskeið eru haldin fyrir félaga björgunarsveita og kynningar haldnar fyrir aðra viðbragðsaðila, eins og kemur fram í skýrslu um Hálendisvaktina frá árinu 2009. Þar kemur einnig fram að tæpar 20.000 vinnustundir liggja að baki þessum 6 vikum sem björgunarsveitir eru á hálendinu yfir sumarið og eru þá ótaldar þær stundir sem fara í verkefnið utan hálendisins.

Þetta árið voru það þeir Eiður, Smári og Haraldur Þór sem fóru sem fulltrúar Dalbjargar. Þeir dvöldu í eina viku á hálendinu, nánar tiltekið á Sprengisandi og hófu dvöl sína þann 23. júlí. Þeir tókust á við fjölda verkefna á þessari viku, skemmtu sér vel og eru reynslunni ríkir.

Sunna Axelsdóttir



Það þurfti víða að aðstoða menn yfir ár á hálendinu



Hjálparliðsmenn að ganga frá búnaði

Hjálparlið Dalbjargar

Áður en gömlu hrepparnir voru sameinaðir var starfandi slökkviliðsstjóri í Eyjafjarðarsveit og hópur manna var þjálfaður á slökkvibúnað sem sveitarfélagið átti. Þegar Slökkvilið Akureyrar tók við þjónustunni átti að halda þessum mannskap í sveitinni til að aðstoða slökkviliðið en þjálfun á þessum mannskap varð stopul og engin umhirða á búnaðinum sem til var.

Árið 2008 ákváðu Dalbjörg og Slökkvilið Akureyrar að koma betra lagi á þessi mál og gerðu með sér samning. Samningurinn er þess efnis að Dalbjörg aðstoðar slökkviliðið við slökkvi- og björgunarstörf í Eyjafjarðarsveit og nágrenni. Slökkvikerra með búnaði var standsettt og átta manna hjálparlið stofnað til að sjá um þessi mál innan hjálparsveitarinnar, en nokkrir þeirra höfðu tilheyrt gamla sveitaslökkviliðinu. Þeir fá þjálfun tvisvar á ári auk þess sem þeir hittast reglulega og fara yfir búnað. Aðaltilgangur Hjálparliðsins er vatnsöflun en víða í Eyjafjarðarsveit er mjög erfitt að afla vatns, t.d. á þéttbýlum svæðum eins og í Staðarbyggðinni. Víða þarf að leggja langar vatnslagnir og raðdæla vatninu um langan veg. Þetta er bæði tímafrekt og þarfnast fjölda manns.

Slökkvilið Akureyrar og Hjálparlið Dalbjargar héldu tvær stórar samæfingar núna í haust. Markmið æfinganna var tvíþætt. Annars vegar reyndi á stjórnunarþætti

eins og aðkomu, skipulag og samskipti og hins vegar á slökkvistörf, aðallega reykköfun og vatnsöflun. Sama æfingin var keyrd í bæði skiptin svo sem flestir gætu tekið þátt.

Æfingin var sett þannig upp að Hjálparliði Dalbjargar og Slökkviliði Akureyrar barst útkall í gegnum Neyðarlínuna þar sem tilkynnt var um eld í útihúsum á Torfufelli og að tveir menn hefðu farið inn til að bjarga skepnum. Varðstjóri SA lét tengja saman Tetra rás slökkviliðs og útkallsrás Dalbjargar þannig að þegar Hjálparliðið fór úr húsi kölluðu þeir sig inn og gátu átt samskipti við SA og



Ólafur að aðstoða reykkafara





Neyðarlínu. Með þessu móti gat varðstjóri SA fengið upplýsingar af vettvangi þegar Hjálparliðið kom á vettvang. Þegar fyrsti bill frá SA kom á staðinn fóru reykkafarar strax inn í húsin til leitar. Þá voru Hjálparliðsmenn langt komnir með að leggja fæðilögn úr Torfufellsánni á staðinn. Síðar kom meiri liðsstyrkur og tæki frá slökkviliðinu og gekk æfingin þá út á að samhæfa aðgerðir eins og reykköfun og lífbjörgun, vatnsöflun, slökkvistarf og skipulag. Hjálparliðið sá því alfarið um vatnsöflun sem var 450 löng leið í næsta vatnsból og þurfti að raðdæla því á vettvang. Á meðan gat slökkviliðið einbeitt sér að reykköfun og lífbjörgun á vettvangi. Æfingin reyndi á mun fleiri þætti en aðrar æfingar fram til þessa og heppnaðist hún mjög vel.

Báðir aðilar eru mjög ánægðir með samstarfið og það er án efa gríðarlegur kostur fyrir sveitarfélagið að hafa viðbragðsaðila í sveitinni á ný.

Pétur R. Tryggvason



Hluti slökkviliðsmanna sem tóku þátt í æfingunum



*Bestu óskir um
glæðileg jól
og farsælt nýtt ár!*





„Éli“ á Tækjamóti

Snemma í mars 2001 fóru Dalbjargar menn að skipuleggja ferð á Tækjamót Slysavarnafélagsins Landsbjargar sem halda átti í Nýja Jökuldal. Jeppi og sleðar sveitarinnar voru strax þétt setnir ásamt fjölda einkabíla. Þá stóðum við eftir, þrír ungir og reynslutilir menn, sem langaði á tækjamót.

Snjóbíllinn stóð út á hlaði og vöknudum þá spurningar hvort ekki væri hægt að fara á honum. Snjóbíll sveitarinnar var þá gamall vatnamælingabíll, Snow Track 1966, með Subaru mótör og kóssum. Auðsótt var að fá leyfi til að fara á bílnum en mikið þurfti að dunda í honum til að hann gæti talist ferðafær. Það tókst okkur nú samt. Þá vantaði bæði fjarskipta- og staðsetningarbúnað í bílinn og einnig vantaði eitthvað upp á kunnáttu á slíkan búnað. Gamalt hand-GPS tæki og handtalstöð fundust í Bangsabúð og var því ekkert sem vantaði nema einhvern með í ferðina sem kynni á þetta dót. Ekki þurfti nú mikið að tuða í Njáli Kristjánssyni til að fá hann með og var okkur því ekkert að vanbúnaði að leggja af stað í þetta ævintýri.

Föstudaginn 16. mars 2001 lögðum við galvaskir af stað inn Sölvadal, en ætlunin var að fara upp Kerhólsöxl í

Laugarfell og gista þar. Í Kerhólsöxlinni beið Éli gamli okkar, klár með nóg af bensíni, en daginn áður höfðum við farið með bílinn upp eftir og skoðuðum þá einnig hvort ekki væri fært upp. Við fjórir, Eiður, Ragnar, Leó Grétar og Njáll komum okkur fyrir í bílnum ásamt birgðum, búnaði og slatta af varahlutum og héldum í brattann. En færið hafði breyst mikið og var orðið erfitt fyrir Éla gamla. Við komumst því ekki sömu leið og deginum áður, en brugðum á það ráð að taka bensínbirgðir og farangur af bílnum. Njáll sikk-sakkaði bílnum einhvern veginn þvert upp brekkuna, við bárum bensínið og farangurinn upp og héldum suður fjall sigri hrósandi. Á þessum tímupunkti voru sleðarnir sem fylgdu okkur af stað upp Kerhólinn löngu farnir. Njáll þekkti svæðið vel og keyrðum við stystu leið mjög tæpt á gildirögum dalanna á leið í Laugarfell, en þar var áningarstaður okkar báðar næturnar. Þegar við komum í Laugarfell sást ekkert til sleðamanna en þeir höfðu þá snúið við og keyt langleiðina til baka í leit að slóð okkar. Þeir skiluðu sér til baka í Laugarfell mjög fljótlega.

Snemma á laugardagsmorgninum lögðum við af stað á Tækjamótið í Nýjadal í mjög miklu frosti. Miðstöðin var

**Parketslípun
og lagning**

**Nýsmíði
og viðhald**



ÁK SMÍÐI

Sími 897 6036



léleg og þurfti því að beita sköfunni mikið inn á rúður. Í Nýjadal hittum við fyrir aðra snjóbíla, tvo yfirbyggða troðara og Snow Cat Súlumanna. Éli gamli var frekar rýr miðað við þessa stóru trukka og þóttumst við sjá á mannskapnum að fólki myndist við afdalalegir og skrítnir að hafa komið á þessu apparati. Við létum það ekki á okkur fá heldur reyndum að bera okkur vel og þóttumst geta flest það sem hinir gátu, vorum meira segja með bakkflautu, þótt mannleg væri! Snjóbílaflokkur var ræstur af stað í dagstúr um svæðið og halda átti í Gæsavötn, í Vonarskarð, yfir Tungnafellsjökul og aftur í Jökuldal í kvöldmat. Éli var alls enginn eftirbátur hinna, því við gátum keyrt töluvert hraðar en hinir og þótti okkur það ekki leiðinlegt. Þegar við komum í Gæsavötn, að sjálfsögðu nokkuð á undan hinum snjóbílunum, hittum við fyrir sleðaflokkinn en þeir biðu komu snjóbílaflokks. Þótti mönnum lítið til snjóbílaflokks koma þegar 4 sveitamaðn ruddust út úr þessu litla krili og buðu góðan daginn. Ekki vorum við eins borubrattir þegar við lögðum af stað upp



Sleða- og snjóbílaflokkur að leggja í hann upp Kerhólsóxl

Tungnafellsjökul, en þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir vildi Éli ekki halda stefnu upp brattann, og við urðum að þiggja spottann þar upp frá Hákarlinum frá Hjalparsveit skáta í Reykjavík. Leiðindaveður var á jöklinum en þó gekk ferðin til baka í Nýjadal vel. Þar nærðum við okkur og héldum svo aftur á náttstað í Laugarfell.

Ánægðir og sáttir vöknudum við á sunnudag og áttum tiltölulega stutta heimferð fyrir höndum. Ekkert hafði enn bílað og nóg var eftir af bensíni, en þegar gangsetja átti var Éli orðinn þreyttur og vildi ekki í gang fyrir en það var búið að hella bensíni beint ofan í blöndunginn. Á leiðinni heim var ágæti bílsins og ferðarinnar mikið rætt. Ekki mátti þó hæla honum um of, því neðst í Kerhólsóxlinni sprakk dekk í beltagangi bílsins. Að sjálfsögðu vorum við með varadekk og allir komumst því heim.

Í þessari ferð kviknaði óskýranleg fjallaþrá hjá okkur bræðrum og hefur ekkert lát verið á vetrarferðum allskonar síðan.



Lítill og lúinn miðað við hina bílana



Bústólpi
Óskar viðskiptavinum sínum
glæðilegrar jólahátíðar
með þökk fyrir viðskiptin á liðandi ári.



Bústólpi

FÓÐUR OG ÁBURÐUR

FLUGELDAMARKAÐURINN HRAFNAGILSSKÓLA



Opnunartími:

28. des. Kl. 10-22 / 29. des. Kl. 10-22
30. des. Kl. 10-22 / 31. des. Kl. 9-16

6. jan. þrettándinn Kl. 12-16

Flugeldasími: **867 8586**



Dalbjörg
Eyjafjarðarsveit



SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG



FLUGELDARINN
EYJAFIRÐI
FLUGELDARINN

© GALLERAIN



Sleðaflokkur Dalbjargar

Sleðamessa við Eyjafjörð

Hjálparsveitin Dalbjörg og Súlu, björgunarsveitin á Akureyri, stóðu fyrir fundi sleðadeilda við Eyjafjörð í febrúar. Fundurinn var ætlaður fyrir umsjónarmenn og sleðaökumenn björgunarsveitanna við Eyjafjörð og voru það 25 manns frá Súlum björgunarsveit, Hjálparsveitinni Dalbjörg, Björgunarsveitinni á Dalvík, Björgunarsveitinni Tindi á Ólafsfirði, Björgunarsveitinni Ægi á Grenivík og Björgunarsveitinni Þingey á Stóru-Tjörnum sem tóku þátt.

Fundurinn sem var haldinn í húsnæði Súlna á Akureyri heppnaðist mjög vel. Pétur frá Dalbjörg og Vagn frá Súlum sáu um að skipuleggja fundinn og komu með hugmyndir að sameiginlegum æfingum sveitanna auk þess sem þeir fóru yfir kröfur varðandi búnað björgunarsleða og fleira. Anton, fjallabjörgunarmaður frá Súlum, kynnti síðan sprungubjörgunarbúnað til að hafa á sleðum og notkun hans. Sleðar frá Dalbjörg og Súlum voru til sýnis og sá staðalbúnaður sem fylgir þeim.



Smári og Tómas að raða sleðanum saman

Nýir sleðar reynast vel

Í ár keypti hjálparsveitin tvo nýja sleða af gerðinni Arctic Cat Crossfire 800 Sno Pro og fengum við þá afhenta í febrúar síðastliðnum. Við höfðum mikið velt fyrir okkur hvaða sleðar henta okkar svæði best og niðurstaðan var sú að taka fyrrgreinda sleða. Það sem við lögðum upp með við val á þeim var að þeir væru millilangir, á miðlungsgrófu, u.þ.b. 40 mm belti, með öflugum kælum, balansstangir að framan, að módelið væri áreiðanlegt og góð þjónusta hjá umboðsaðila.

Strax og sleðarnir komu í hendurnar á okkur var hafist handa við að gera þá útkallsfæra. Aukabúnaði var komið fyrir á þeim; GPS tæki, ICOM VHF bátastöð, 12 v straumút-taki og rafgeymi. Beltin voru negld og settar festingar fyrir brúsa og annan búnað. Sjúkragögn, teppi, sprungubjörgunarbúnaður o.fl. er í sjópoka aftan á sleðunum.

Þægilegt var að koma öllum búnaði fyrir á þessum sleðum og höfum við notað þá talsvert. Mikil ánægja er með sleðana og þá sérstaklega hve öflugir þeir eru í mismunandi aðstæðum.

Sleðamessa Slysavarnarfélagsins Landsbjargar

Þrjú félagar frá Dalbjörg fóru til Reykjavíkur á sleðamessu í vetur, sem er árleg ráðstefna fyrir sleðahópa björgunarsveita. Á sleðamessunni í ár, sem var haldin í húsnæði



Sleðadeildin í æfingarferð

Flugbjörgunarsveitarinnar í Reykjavík, var meðal annars kynntur snjóflóðabúnaður, sjúkrabúnaður fyrir sleðahópa og sprungubjörgunarbúnaður. Einnig var rætt um að sleðadeildir myndu setja kröfur fyrir sína ökumenn hvað varðar námskeið og samræmda búnaðarlista fyrir sleða.

Það er alltaf mikið gagn að því að fara á slíkar ráðstefnur, sjá hvað aðrar björgunarsveitir eru að gera og hvernig þróunin er hjá þeim. Við í Dalbjörg getum verið mjög sátt með okkar sleðadeild þar sem miklar kröfur eru gerðar til ökumanna sleðaflokks og búnaðarlistar hafa verið í gildi undanfarin ár. Hvort tveggja er aðgengilegt á heimasíðu okkar.

Þjálfun

Það er ekki nóg að hafa góða og áreiðanlega sleða til taks hjá björgunarsveitum, það þarf að nota þá og æfa sig eins mikið og hægt er. Þrátt fyrir öflug staðsetningartæki komast þau aldrei nálægt því sem staðkunnátta skilar manni þegar á hólminn er komið. Því reynum við að keyra mikið til þess að þjálfa okkur á staðsetningartækjum, sleðunum og læra á svæðin næst okkur.

Sleðaflokkurinn er mjög virkur yfir vetrarmánuðina og



Meðal verkefna sleðaflokks var að leita að kindum

hópurinn hittist reglulega til að yfirfara sleðana, fara í æfingarferðir og hlusta á fyrirlestra. Fyrir utan þessa tvo sleða sem hjálparsveitin á hafa félagar í sleðaflokki aðgang að fleiri öflugum sleðum ef þörf er á við æfingar eða útköll.

Kristján H. Tryggvason
Pétur R Tryggvason



Ekki vandamál!





Dalbjörg 1 eins og hann leit út fyrir 6 árum

Sagan af Dalbjörg 1

Í dag er það talið eðlilegt að björgunarsveitir eigi jeppa, í raun er það talið mjög skrýtið ef björgunarsveit á ekki jeppa. Oft eru fleiri en einn og fleiri en tveir bílar í eign sömu sveitar. Leiðir til að eignast svona bíla í dag hafa breyst mikið frá því sem var fyrir um 14 árum síðan, þegar ákveðið var að ráðast í kaup á jeppa fyrir litla hjálparveit í Eyjafirði. Ákvörðunin um það kostaði miklar vangaveltur og vinnu af höndum félaga sveitarinnar, en var eftir á að hyggja vel þess virði.

Það var eftir snjóaveturinn 1995 sem upp komu umræður innan Hjálparveitarinnar Dalbjargar að sveitin þyrfti að eignast annan bíl, nánar tiltekið jeppa. Fyrir átti sveitin Ford Econoliner, sem sveitin eignaðist 1988. Þennan mikla snjóavetur 1995 kom í ljós að Fordinn virkaði ekki sem skyldi í snjó sökum þyngdar sinnar á móti dekkjastærð og varð það kveikjan að umræðum um jeppakaup. Miklar vangaveltur hófust um hvernig jeppa skyldi kaupa og hvaða tegund. Smám saman þróuðust hugmyndirnar og sumarið 1996 stóð valið á milli Musso eða Toyota. Þá upphófst mikil vinna í alls konar tilboðagerð sem gekk á milli okkar og bílaumboðanna.



Það eru bún að vera mörg handtök síðan í sumar

Síðla sumars náðist loks ásætlanlegt tilboð frá Toyota um Land Cruiser 80 árgerð, 38 tommu breyttan og átti hann að kosta um 2,9 milljónir með niðurfellingu. Eins og gefur að skilja var þetta ansi stór biti fjárhagslega fyrir litla hjálparveit á landsbyggðinni, en með styrki stjórn, aðhaldi gjaldkera og styrkjum frá Landsbjörg, landsambandi björgunarsveita, var þetta mögulegt. Einnig fékk sveitin styrk frá Eyjafjarðarsveit og vann ýmsa aukavinnu til að fjármagna bílinn.

Velunnarar sveitarinnar studdu líka við bakið á okkur. Billinn er skráður á Þorláksmessu árið 1996 og í janúar 1997 var billinn afhentur okkur formlega af umboðsaðila Toyota á Akureyri.

Þegar nýi jeppinn var kominn til okkar hófst vinnan við að bæta á hann búnaði til að hann yrði gjaldgengur sem hjálparveitarbíll, t.d. aukaljós, forgangsljós og öðru sem þurfa þótti. Sú vinna var unnin af félögum sveitarinnar.

Frá þessum tíma hefur hann þjónað



Búið að breyta bílnum fyrir 46" og nýju Pitbull-dekkin komin undir hann

okkur einstaklega vel með litlu viðhaldi. Árið 2005 var framhásing endurnýjuð og vorið 2010 var ákveðið að fara í miklar endurbætur á bílnum sem hófust nú

siðsumars. Í þeim felst að hann var lengdur um 13 cm á milli hásinga, boddýinu var lyft um 6 cm, klippt úr og gert rými fyrir 46" dekk, skipt um bretta-

kanta, auk þess sem það var settur í hann lowgír. Boddýið var lagað og sprautað eftir flumbrur í áranna rás, rúður filmaðar, aukaraf verður endurnýjuð að hluta og nýjar merkingar settar á bílinn. Eftir stendur miklu öflugra björgunartæki sem mun vonandi nýtast okkur jafnvel næstu 14 árin við hlið hins björgunarjeppans okkar, sem er af gerðinni Nissan Patrol. Öll breytingarvinnan er unnin af félögum sveitarinnar í sjálfboðavinnu og munu líklega um 450 vinnustundir liggja þar að baki.

Af þessari sögu sést að þótt tímarnir hafi breyst liggur enn ómæld vinna að baki rekstri björgunarveitar. Fyrsti jeppinn okkar, sem nú hefur gengið í endurnýjun lífdaga, á örugglega yfir 1000 vinnustundir að baki hjá félögum sveitarinnar, sem telja það alls ekki eftir sér. Enn og aftur kemur í ljós að sterkir félagar er það dýrmætasta sem björgunar-sveit getur átt.

Ingvar Þ. Ingólfsson
Hlynur Þórsson

Veisluþjónusta Greifans

Vid öll tækifæri

GREIFINN
VEITINGAÐUR
www.greifinn.is • 460 1600
Leitið upplýsinga

*Bestu óskir um
gleðileg jól
og farsælt nýtt ár*

COBOLT_{ehf}

*Bestu óskir um
gleðileg jól
og farsælt nýtt ár*

SPORTVER
Glerártorgi - Sími 461 1445

*Bestu óskir um **gleðileg jól**
og farsælt nýtt ár*

VÉLFANG
www.velfang.is

NB
LANDBÚNAÐUR ehf.
NB Agriculture Ltd.



Á ferð um gossvæðið við Eyjafjallajökul

Molar úr starfinu

Æfingaferðir á árinu

Farið var í nokkuð margar æfingaferðir á þessu ári og voru þær flestar á vegum sleðadeildarinnar. Meðal annars var farið á sleðum upp á Finnastaðadal, um Vatnahjalla og í Laugarfell, í Lambárdal, Garðsárdal og á Glerárdal.

Jepparnir okkar voru auðvitað líka notaðir, en dagana 26.-28. mars var farið í hina árvissu „Stóru Dalbjargarferð“. Að þessu sinni var slegið saman í ferð með Eyjafjarðardeild Ferðaklúbbsins 4x4, í svokallaða Geysisferð. Fyrri nóttina var gíst í Réttartorfu og þá seinni í Dreka. Félagar úr Björgunarsveitinni Tý komu einnig með í þessa ferð. Þann 9. apríl fóru 6 manns frá sveitinni í ferð til að líta á eldgosíð í Eyjafjallajökli. Þótt veður hafi ekki verið með besta móti heppnaðist ferðin engu að síður vel. Í júní skruppu nokkrir félagar í Laugarfell, en það er staður sem flestir félagar þekkja og þykir vænt um, svo ómissandi er að fara þangað af og til.

Sumarið var einnig nýtt í spottavinnu, en af og til hittust nokkrir félagar hjá Munkaþverárgilinu til að æfa sig í sigi og læra á búnaðinn sinn.

Ýmiss konar viðburðir

Í febrúar var vetrarsportsýningin Eylif haldin í Boganum á Akureyri. Þar voru ýmiss konar tæki og tól til sýnis, þar á meðal mikið af búnaði Dalbjargar, s.s. báðir jepparnir

okkar, vélsleðar, skyndihjálparbúnaður og klifurbúnaður. Einnig vorum við með kassaklifur sem vakti mikla lukku meðal gesta.

Þann 18. apríl héldum við okkar árlega fjölskyldudag á Víkurskarði og mættu þangað um 40-50 manns. Veðrið lék við okkur og allir skemmtu sér vel. Vélsleðar drógu mannskapinn hátt upp í hlíðar og þegar leið á daginn grilluðum við pylsur og fleira góðgæti.

Þann 11. maí var Peysudagur Slysavarnafélagsins Landsbjargar, en þann dag eru allir meðlimir björgunarsveita á landinu hvattir til að vera í rauðu einkennispeysunum sínum.

Sumargleði Dalbjargar var að venju haldin í Leyningshólum og heppnaðist hún mjög vel. Sumarnefndin káta skipulagði allt vel og vandlega og á hrós skilið fyrir.

Í október tók Dalbjörg þátt í uppskeruhátíð félaganna í sveitinni, en hún var hugsuð sem lokahóf eftir samvinnuna við Handverkshátíðina um sumarið. Hátíðin var haldin í Funaborg, glæsilegur matur var í boði ásamt skemmtatriðum og heppnaðist kvöldið mjög vel.

Þann 4. desember héldum við í Dalbjörg Litlu-jólin okkar og buðum félögum í Björgunarsveitinni Tý að fagna með okkur. Um 30 manns mættu í Funaborg þetta kvöld og snæddu ljúffengan mat í góðra vina hópi. Dagskrá kvöldsins lukkaðist vel og viljum við þakka öllum þeim sem styrktu okkur um happdrættisvinninga og fleira fyrir



Unnið við að koma upp tjöldum fyrir Handverkshátíð

þennan viðburð, en það var alveg ómetanlegt. Jólafélagið skilaði keflinu svo til nýrra aðila, sem liggja vonandi ekki á liði sínu á næsta ári!

Fjárafliar

Eins og alltaf eru fjölmargar fjárafliar í gangi hjá félögum Dalbjargar ár hvert. Hinar árvissu fjárafliar eru ásamt öðrum verkefnum eru í raun orðin svo mörg að dagskráin okkar er mjög þétt yfir árið.

Meðal þess sem unnið var við á árinu var gæsla á þorablóti, kabarett og á tjaldsvæðinu við Hrafnagil. Félagar Dalbjargar unnu einnig hörðum höndum að uppsetningu og frágangi Handverkshátíðarinnar 2010, auk þess að vera með sjúkragæslu á svæðinu alla dagana og sjá um brunaslönguboltann, þar sem efnt var til keppni á milli sveitastjórna. Við sjáum um árlegt viðhald á varnarhólfsgirðingu við Öxnafell og var farið í það verkefni í sumar. Um miðjan september tók sveitin þátt í að setja upp og ganga frá sýningarkerfi fyrir Vestnorden sýninguna í Íþróttahöllinni á Akureyri. Einnig erum við með dósatank á tjaldsvæðinu á Hrafnagili sem þarf að losa nokkrum sinnum á ári. Um leið og farið var í reykskynjara-yfirferðina seldum við Neyðarkall björgunarsveitanna og fengum mjög góðar viðtökur.

Síðast en ekki síst er það flugeldasalan, sem er eins og

flestir vita, helsta fjárflyun björgunarsveita á Íslandi. Eins og síðustu ár verður flugeldasalan okkar í Hrafnagilsskóla. Við hlökkum mikið til að sjá ykkur þar!

Fundir

Að venju var mikið um fundahöld hjá Hjálparveitinni Dalbjörg á árinu, enda er skipulag undirstaða góðrar samvinnu og árangurs. Almennir fundir voru 10 á árinu og stjórnarfundir einnig. Smærri fundir, t.d. í sleðahóp, unglingsdeild og fleiru, voru 10-20 talsins. Þann 15. apríl var aðalfundur haldinn í Sólgarði. Þann 7. maí fór Pétur Róbert á formannafund SL í Reykjavík og í nóvember fór Eiður sem fulltrúi okkar á fulltrúaráðsfund SL, einnig í Reykjavík. Ingvar Þróstur og Jóhannes Jakobsson sóttu svæðisstjórnarfundir sem fulltrúar okkar í svæðisstjórninni á svæði 11.

Í mars komu erindrekar Slysavarnarfélgisins Landsbjargar, þeir Ingólfur og Sigurður í heimsókn til okkar og í júní var haldinn fundur með stjórn SL.

Auk þessa má nefna að Ingvar sótti ráðstefnuna Björgun sem haldin var í Reykjavík í vetur. Einnig voru nokkur vinnuvöld haldin, til viðhalds á bílum, sleðum og auðvitað húsinu sjálfu.



*Óskum viðskiptavinum okkar
farsæls komandi árs
með þakklæti fyrir árið sem er að líða*



Óðinsnes 2 • Sími 460 4800



Menntun

Menntunaráttak Slysavarnafélagsins Landsbjargar

Á þessu ári hófst mikið menntunaráttak hjá Slysavarnafélaginu Landsbjörg. Hingað til hefur venjan verið sú að sveitir sem vilja fá til sín ákveðin námskeið hafa pantað þau hjá Björgunarskólanum og fengið til sín leiðbeinanda á umsömdum tíma. Mörg námskeiðanna sem félagar björgunarsveita þurfa að taka eru löng og taka mikinn tíma, en sem dæmi

má nefna að tvö þeirra níu námskeiða sem nauðsynlegt er að taka til að komast á menntunartígið Björgunarmaður 1, eru 20 klukkustundir. Þetta hefur meðal annars orðið til þess að vantað hefur upp á endurmenntunartígi björgunarsveita. Með áttakinu sem nú var gert er félögum björgunarsveita gert auðveldara fyrir að viðhalda sínu menntunartígi og einnig að nýta sína reynslu og þekkingu í að komast á ákveðið menntunartígi, þótt námskeiði í því fagi sé ekki endilega lokið.

Nú geta félagar björgunarsveita tekið sjálfsmat í flestum fögum Björgunarmanns 1 á vefnum og þannig séð hvar þeir standa gagnvart hverju fagi fyrir sig. Þrjár niðurstöður geta komið út úr sjálfsmatinu. Sú fyrsta er að félaginn hafi mikla þekkingu í faginu og geti farið beint í stöðupróf. Það skodast þá eins og fullu námskeiði í faginu sé lokið. Önnur niðurstaða er sú að félaginn hafi góða þekkingu, en ætti að nýta sér endurmenntun í faginu áður en stöðupróf er tekið, en þurfi ekki að sitja heilt nám-

*Óskum viðskiptavinum okkar
og Eyfirðingum öllum
farsæls komandi árs og þökkum árið sem er að líða.*

SJÓVÁ

Strandgötu 3 - 600 Akureyri
Sími 440 2370 - Fax 4402380 - sjova.is

skeið. Þriðja niðurstaðan er sú að félaginn hafi ekki næga þekkingu í faginu og ætti því að sitja grunnnámskeið. Boðið er upp á sérstakar endurmenntunarhelgar um allt land, þar sem félagar geta sótt endurmenntun og tekið stöðupróf í þeim fögum sem þeir kjósa. Í grunnmenntun er boðið upp á hið venjulega staðnám þar sem leiðbeinendur koma á staðinn, en þeirri nýjung hefur verið bætt við að nú er einnig boðið upp á fjarnám í viss- fögum.

Allir þessir þættir gera það auðveld- ara og aðgengilegra fyrir okkur, félag- a björgunarsveita, að sækja okkur mennt- un og endurmenntun. Með þessu nýja kerfi er reynsluboltum gefið tækifæri á að öðlast viss- menntunarsstig og félögum er almennt gert það kleift að mennta sig sem best þeir geta.

Við menntum okkur til að geta brugð- ist við aðstoðarbeiðnum og útköllum eins vel og hægt er. Það er óhætt að segja að menntun okkar og reynsla er mikilvæg- asti þátturinn í björgunarstarfinu.

Námskeið

Fjallamennska 1, 15.-17. janúar

Námskeið í Fjallamennsku 1 var haldið við Munkaþverárgilið þessa helgi í jan- úar. Það voru 8 manns frá bæði Hjálpar- sveitinni Dalbjörg og Björgunarsveitinni Tý sem sóttu námskeiðið. Á námskeiðinu var farið í grunnatriði fjallamennsku, s.s. sig, tryggingar, isklifur, gengið var í línu og margt fleira. Á námskeiðinu voru þrjú leiðbeinendur, þeir Friðjón og Magnús frá Súlum, björgunarsveitinni á Akureyri, og Þórður frá Björgunarfélaga Akraness. Félagar voru þreyttir og ánægðir eftir góða helgi.

Snjóflóðaleit og snjóflóðamat, 5.-7. febrúar 2010

Námskeiðið var haldið í húsnæði Súlna, á Víkurskarði og á Glerárdal. Á nám- skeiðinu var farið í marga þá þætti sem tengjast snjóflóðum, s.s. orsakir, eðli og gerðir snjóflóða, boðun snjóflóðaútkalla, fyrsta skipulag við útkall, skipulag leitar o.fl. Námskeiðið sóttu 12 manns frá Dalbjörg og Tý og leiðbeinendur voru Anton Berg, Gulli Búi og Axel.

Endurmenntun í fyrstu hjálpi í óbyggðum - WFR

Einn félagi sveitarinnar sótti endur- menntunarnámskeið í Fyrstu hjálpi í óbyggðum til Reykjavíkur, en réttindin þarf að endurnýja á þriggja ára fresti. Námskeiðið var haldið í Skógarhlíð og leiðbeinendur voru Einar Örn, Ármann og Sigurjón.

Fjarnám

Nú er í boði að taka fjarnám í flestum fögum Björgunarmanns 1 og hafa margir félagar Dalbjargar nýtt sér þetta tækifæri. Þetta er góð viðbót við hin reglulegu staðnámskeið, því þeirra á milli geta þeir félagar sem hafa e.t.v. misst af nám- skeiðum eða vantar einhver námskeið í flóruna hjá sér, tekið þau í fjarnámi. Meðal annars hafa félagar tekið nám- skeið í rötun, ferðamennsku, fjarskiptum og björgunarmanni í aðgerðum.

Dalbjargaræfingin

Stefna Dalbjargar er að halda eina stóra æfingu á ári sem reynir á marga þætti björgunarstarfsins. Í þetta sinn var hún haldin þann 12. október og voru 19



Hermann og Sunna á fjallamennskunámskeiði

manns bæði frá Dalbjörg og Tý sem tóku þátt, auk skipuleggjendanna, Elmars og Péturs. Mannskapnum var skipt upp í 3 hópa sem skiptust á með þrjú verkefni sem búið var að setja upp. Ingi í Ártúni sá um fjarskipti við hópana auk Rúnars í Súlum, björgunarsveitinni á Akureyri, en saman voru þeir fulltrúar svæðisstjórnar í æfingunni. Æfingarnar tóku á ólíkum þáttum starfsins, en ein æfingin gekk út á GPS kunnáttu og rötun og hinar tvær tóku fyrir umönnun, meðferð og flutning slasaðra.

Styrkur okkar í svona verkefnum er hvað þekking félaga liggur á ólíkum sviðum í mörgum tilfellum. Við nýtum reynslu okkar og þekkingu og getum unnið saman á þann hátt að verkefnið leysast fljótt og örugglega. Félagar voru að vonum mjög ánægðir með æfinguna, enda eru æfingar sem þessar nauðsyn- legur þáttur í starfinu okkar, til að við- halda þekkingu og menntun.

Sunna Axelsdóttir



Kælismiðjan Frost ehf.

Kælismiðjan Frost ehf.
Fjölningstötu 4b
603 Akureyri
Sími 464 9400
Fax 464 9401
frost@frost.is

Kælismiðjan Frost ehf.
Lyngás 20
210 Garðabæ
Sími 464 9400
Fax 464 9402
www.frost.is

Heildarlausnir fyrir smærri og stærri verkefni í kæliiðnaði:

Frysti og kæligeymslur
Stálgrindarhús
Veggeiningar
Hurðir
Frysti og kælikerfi

Minni frysti og kæliklefar
Staðlaðir klefar frá 0,8 m2
eða eftir máli.
Sambyggð eða sjálfstæð frystikerfi

Verslanir
Kæli og frystimublur
Viðhalds og rekstrarþjónusta
Vaktþjónusta 24/7

Heilfrysting
Uppsjávar- eða bolffiskur
Sjálfvirkir plötufrystar, lóðréttir og láréttir
Frystikerfi

Einangrun
Lagna, kúta
Lesta og annarra rýma í skipum

Ráðgjöf og þjónusta
Hönnun
Bilanagreining og rekstrarráðgjöf
Kælimiðlar



ARCTIC CAT®
SHARE OUR PASSION.™




Vélsleðar
Fjór hjól
Aukahlutir
Öryggisbúnaður

Fatnaður
Hjálmar
Sleðaskór
Og fl.



ARCTIC SPORT

Akralind 2 - 201 Kópavogur - Sími 578-0820 - arcticsport.is

*Óskum viðskiptavininum okkar
farsæls komandi árs
með þakklæti fyrir það
sem er að líða*



Eyjafjarðarsveit

Mikilvægi svæðisstjórna í aðgerðum björgunarsveita

Samkvæmt skipulagi Slysavarna-félagsins Landsbjargar er landinu skipt upp í 18 svæði sem viðkomandi svæðisstjórn sér um leitar- og björgunarskipulag fyrir. Á Eyjafjarðarsvæðinu erum við á svæði 11. Svæðisstjórnir eru skipaðar fulltrúum frá sveitum á sínu svæði og er nauðsynlegt að þeir fulltrúar þekki sínar sveitir og sitt svæði mjög vel.

Svæðisstjórnir vinna eftir svokölluðu SÁBF kerfi, sem er skammstöfun fyrir Stjórnun, Áætlanir, Framkvæmdir og Bjargir. Þegar útkall er í gangi er hlutverk svæðisstjórnar fyrst og fremst að stýra viðkomandi aðgerð og senda út skipulagða leitar- og björgunarhópa. Einnig þarf oft að vinna rannsóknarvinnu, t.d. ef um týnda persónu er að ræða. Svæðisstjórn þarf alltaf að vera skrefi á undan og huga



að næstu aðgerðarlotu, t.d. hvort það þurfi fleiri bjargir, þ.e. björgunarsveitir eða búnað í aðgerðina, skipuleggja næstu leitarsvæði o.s.frv. Öll vinna svæðisstjórna er hugsuð til að björgunarsveitirnar geti hugsuð um sitt hlutverk, sem er leit og björgun, en þurfi ekki að hugsa fyrir því sem í framhaldinu er.

Í svæðisstjórn á svæði 11 eru starfandi fulltrúar frá flestum sveitum hér við Eyjafjörð, mismunandi margir eftir stærð

sveita. Frá Hjálparsveitinni Dalbjörg eru 2 fulltrúar, þeir Ingvar Þ. Ingólfsson og Jóhannes Jakobsson. Svæðisstjórnin hefur aðsetur í húsi Súlna, björgunarsveitarinnar á Akureyri og kemur þar saman þegar aðgerð er í gangi.

Þeir sem hafa tekið þátt í einhvers konar aðgerðum á vegum björgunarsveita, útköllum eða einfaldlega stórum æfingum, hafa reynt það á eigin skinni hve mikilvægar svæðisstjórnir eru fyrir björgunarsveitir á vettvangi. Þangað sækir almennur björgunarsveitarmaður allar upplýsingar sem hann þarf, kemur upplýsingum á framfæri og fær vitneskju um skipulag og framvindu aðgerða. Svæðisstjórnir og þeirra skipulag eru einn mikilvægasti hlekkurinn í hvers konar aðgerðum björgunarsveita á Íslandi.

Ingvar Þ. Ingólfsson

DALBJÖRG ÞAKKAR VEITAN STUDNING

DREGG
SHIPPING

RAF Nýlagnir
Viðgerðir
Viðhald
Hönnun

B2 BLIKKRÁS EHF



SAMHERJI HF

STRAUMRÁS hf.

Plastás ehf
Einangrunarplast

Óseyri 4 - Sími 462 7799

Trésmíðaverkstæði
Björns
frá **Hesjuvöllum**
- Skjót og góð þjónusta -
- Alveg dagsatt! -
Sími 893 6589

Deloitte.

BÍLVIRKI ehf.
Goðanesi 8-10



SANDBLÁSTUR & MÁLMHÚÐUN
FERROZINK 50
1960-2010

GGröfur
Óseyri 2 • 603 Akureyri
Sími 462 5700 • Fax 462 5701

CAR-X
Tjónaskoðun

JANUS

Kjörís

Björgunarsveitin Týr á Svalbarðseyri



Fjallamennskunámskeið í janúar

Björgunarsveitin Týr er starfrækt á Svalbarðsströnd. Hún sinnir almennum björgunarsveitarstörfum og er útbúin tveimur bílum.

Námskeið og æfingar

Í byrjun árs voru haldin námskeið í fjallamennsku 1, leitar-tækni og snjóflódaleit og fóru nokkrir frá okkur á þessi námskeið og höfðu mjög gaman af. Námskeiðið í fjallamennsku 1 fór að mestu fram í Munkaþverágili. Snjóflódaleitin var haldin í Víkurskarðinu og fóru 4 félagar frá Tý, en þessi námskeið eru hluti af námskeiðum í björgunarmanni 1 sem björgunarsveitarfólki er ætlað að taka. Við höfum einnig nýtt okkur fjarnámið frá Björgunarskólanum sem er góð leið til að taka námskeið þegar ekki hentar að sitja þau þegar þau eru haldin.

Þrjú félagar frá okkur fóru á æfingu hjá Hjálparsveitinni Dalbjörg, þar var farið í leit, rötun og skyndihjálp og er frábært og nauðsynlegt að hafa svona æfingar reglulega.

Í nóvember hélt Súlum, björgunarsveitin á Akureyri, samæfingu fyrir allar björgunarsveitir við Eyjafjörð. Um 50 manns frá fimm björgunarsveitum af svæði 11 tóku þátt í æfingunni, auk þeirra sem léku sjúklinga, skipulögðu æfinguna og sátu í svæðisstjórn. Sett var upp hópslys við bæinn Hallandsnes í Vaðlaheiði og þurfti að leysa verkefni á bátum, snjóbil og jeppum. Hóparnir unnu saman að því að leysa verkefni og sjúklingar voru fluttir með björgunarsveitabílum til Akureyrar. Áður en æfingunni lauk voru síðan nokkrir hópar kallaðir á Akureyrarflugvöll

þar sem bjarga þurfti 11 sjúklingum út úr flugvélaflaki. Aðstæður voru krefjandi þennan dag og mjög djúpur snjór og hrið gerði mönnum erfitt fyrir. Björgunarsveitafólkið lét það ekki á sig fá og leysti öll verkefni með þryði.

Útköll og aðstoð

Í byrjun apríl kom fyrsta útkallið á árinu, en það var vegna aðstoðar bíla sem fastir voru í Víkurskarðinu. Útkallið kom um kl. 23 og þegar á staðinn var komið var veður orðið mjög vont, skyggni lítið og færðin orðin erfið. Við náðum að aðstoða 3 bíla niður en þegar við komum aftur upp var orðið ófært fyrir þá bíla sem þar voru. Óskað var eftir frekari aðstoð frá moksturstæki, Björgunarsveitinni Súlum og snjóbilnum sem ferjaði fólkið niður. Eftir stóðu um 20 bílar í skarðinu og var okkar bíll þar á meðal sem bilaði lítils háttar. Aðgerðinni var lokið um kl. 8:30.

Þann 8. september barst útkall um kl. 21:30 í Þorgeirsfjörð vegna gangnamanns sem hafði slasast þegar hann datt af hestbaki í Þorgeirsfirði, norðan Grenivíkur. Við fórum 5 frá Tý á 2 bílum, en björgunarsveitir í Eyjafirði og Þyrla Landhelgisgæslunnar voru einnig kallaðar út. Alls tóku 60 manns þátt í þessari aðgerð. Þann 12. september kom útkall vegna leitar á Skagaströnd og voru 4 frá Tý tilbúnir til að leggja af stað um miðnætti til þess að leysa af leitarfólk sem var þegar á svæðinu. Útkallið var afturkallað þar sem maðurinn kom fram heill á húfi um kl. 22:00.

Í haust barst einnig beiðni um að aðstoða tvo bíla sem höfðu lent útaf í Víkurskarðinu, en mikil hálka var og skafrenningur. Þegar komið var á staðinn voru bílarnir mannsaurir og því lítið annað að gera en snúa aftur heim.



Unglingadeildin fyrir utan skólann eftir 14 km göngu



GARDLAUSNIR



Starf unglíngadeildar

Á árinu voru haldnir nokkrir fundir og ferðir yfir skyndihjálpar og rötun. Við kíktum einnig með 10 krakka úr unglíngadeildinni okkar í klifur hjá Súlum, björgunarsveitinni á Akureyri og allir skemmtu sér vel. Helgina eftir það kom unglíngadeildin saman og þá var ferð í kassaklifur, lærdir hnútar og borðaðar ljúffengar pizzur frá Jóni spretti. Í október gengu krakkarnir í unglíngadeildinni í hús og söfnuðu áheimum. Genginn var hringur hér um eyrina með börur og endað á íþróttavellinum.

Ferðir og fleira úr starfinu

Í mars var ferð í tvær jeppaferðir, sú fyrri var út á Flateyjarðal með Björgunarsveitinni Ægi frá Grenivík og lentum við í smá ævintýri þar. Seinni ferðin var með Ferðaklúbbnum 4x4 og Hjálparsveitinni Dalbjörg. Lagt var af stað á föstudagskvöldi og stefnan tekin á Réttartorfu þar sem var gíst. Næsta dag var stefnan tekin á Bárðarbungu á Vatnajökli, á slóðir Geysis sem brotlenti þar. Þá var stefnan tekin á Dreka í Öskju og þar var grillað og gíst. Á sunnudeginum var svo keyrt niður Hrossadyngju og þaðan haldið heim eftir magnaða ferð.

Föstudaginn langa var svokölluð páskaþanga þar sem gengið var frá Svalbarðskirkju og út í Laufás. Björgunarsveitin var þeim til halds og trausts sem urðu þreyttir á göngunni.

Hjálparsveitin Dalbjörg var með fjölskyldudag í Víkurskarði í apríl og buðu okkur að vera með. Mikið fjör var hjá ungum sem öldnum og voru þarna sleðar, þotur, fjórhjól og jeppar sem hægt var að leika sér á. Grillið var á sínum stað og gátu allir sem vildu nýtt sér grillaðstöðuna og nært kroppinn. Æskudagurinn var haldinn hér á Svalbarðseyri og stóðum við fyrir kassaklifri í rjómaþíðu, en smá golu, sem gat sett strik í reikninginn og olli stundum falli. Sá sem fór hæst fór 22 kassa og tók nýji sveita-



Við Menntaskólavörðuna uppi á Vaðlaheiðinni

stjórinn okkar þátt í klifrinu eins og hann hefði aldrei gert neitt annað.

Í haust fórum við í grunnskólann og leikskólann hér á Svalbarðseyri og gáfum öllum börnum endurskinsmerki þar sem byrjað var að rökkva og nauðsynlegt er að allir sjáist vel. Til að afla fjár fyrir sveitina tókum við þátt í sölu á Neyðarkallinum eins og aðrar björgunarsveitir og vorum með eldvarnaáttak í leiðinni. Það fólst í endurhleðslu á slökkvitækjum og sölu á reykskjnjurum og rafhlöðum og fengum við mjög góðar viðtökur.

Við óskum ykkur gleðilegs árs og minnum á að eins og undanfarin ár verður áramótabrenna og **flugeldasýning björgunarsveitarinnar** á gamlárskvöld kl. 20:00 við Svalbarðseyrarvita.

Heimasíða: www.123.is/tyr

Flugeldasala í anddyri Valsárskóla á Svalbarðseyri:

29. og 30. desember kl. 15:00 – 22:00

31. desember kl. 11:00 – 13:00



Innanhússarkitekt og innréttingaráðgjafi á staðnum alla daga. - Ókeypiss ráðgjöf og þrívíddarteikningar fylgja öllum tilboðum. - Fagleg og góð þjónusta.

SS BYGGIR EHF - Njarðarnes 14 - 603 Akureyri - Símar 460 6100 - ss@ssbyggir.is - www.ssbyggir.is

TAK
INNRETTINGAR



SILVA
Get out there™

SJÁÐU!

 **Black Diamond™**

Að kunna fótum sínum forráð og að taka vel upplýstar ákvarðanir skiptir höfuðmáli - alltaf - og fyrir útivistarfólkið er því fátt mikilvægara, þegar myrkur skellur á, en að vera með gott höfuðljós.

Komdu og kynntu þér eitt mesta úrval landsins af höfuðljósum, eða skoðaðu þau á heimasíðunni okkar. Við seljum höfuðljós með allt að 480 lumens birtu og þau bestu draga upp í 150 metra!

við erum á **facebook**.

www.fjallakofinn.is

FJALLAKOFINN

Reykjavíkurvegi 64 • Hafnarfirði • sími 510 9505

Eigandi: Halldór Hreinsson